

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/54/86

frá 28. júní 2013

um samþykkt áætlunar, sem Króatía hefur lagt fram, um samþykki fyrir starfsstöðvum vegna viðskipta innan Sambandsins með alifugla og útungunaregg samkvæmt tilskipun ráðsins 2009/158/EB

(tilkynnt með númeri C(2013) 3988)

(2013/346/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/158/EB er kveðið á um að aðildarríkin eigi að leggja áætlun fyrir framkvæmdastjórnina þar sem lýst er landsráðstöfunum sem þau hyggjast framkvæma til að tryggja fylgni við reglurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þá tilskipun um samþykki fyrir starfsstöðvum vegna viðskipta innan Sambandsins með þessar vörur.
- 2) Í ljósi inngöngu sinnar í Evrópusambandið 1. júlí 2013 lagði Króatía áætlun sína fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/158/EB. Sú áætlun, eins og henni var breytt í kjölfar tillagna framkvæmdastjórnarinnar meðan á athugun hennar stóð, uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/158/EB, og gerir kleift, með fyrirvara um skilvirka framkvæmd og reglubundna uppfærslu af hálfu Króatíu, að ná markmiðum þeirrar tilskipunar. Því ætti að samþykkja hana.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlunin, sem lýsir landsráðstöfunum sem á að framkvæma til að tryggja fylgni við reglurnar sem settar eru fram í II. viðauka við tilskipun 2009/158/EB um samþykki fyrir starfsstöðvum vegna viðskipta innan Sambandsins með alifugla og útungunaregg, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, sem Króatía lagði fyrir framkvæmdastjórnina 19. apríl 2013, er samþykkt.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
Tonio BORG  
framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 183, 2.7.2013, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.